

## Forseti Íslands heimsækir nýjan miðbæ á Selfossi

Forsetahjónin Guðni Th. Jóhannesson, forseti og Eliza Reid, forsetafrú heimsóttu nýjan miðbæ á Selfossi á þriðjudaginn 2. júní sl. Gísli Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Árborgar, tók á móti þeim. Þá tók Leó Árnason frá Þróunarfélögunum Sigtúni við og kynnti hugmyndirnar, húsinn og verkefnið í heild. Eftir kynninguna var gengið um svæðið og Leó sagði frá því sem fyrir augu bar, en mikil uppbygging á sér stað á svæðinu og húsinn rísa hvert á fætur öðru. Eftir göngutúrinn gaf forseti færi á viðtali og sagði: „Mér líst vel á þennan nýja, gamla miðbæ. Hér er hugsað stórt og það er einmitt

það sem við þurfum núna. Þegar þessari uppbyggingu er lokið þá verður bæjarbragurinn skemmtilegur hér. Gott fyrir heimamenn að geta komið hér saman við störf og afþreyingu. Þá er þetta spennandi áfangastaður fyrir gesti, bæði innlenda og erlenda því að útlendingarnir munu koma hingað aftur. Þessi uppbygging mun verða öllu byggðarlaginu og sunnlendingum öllum til góða. Aðspurður hvernig það væri fyrir sagnfræðing að sjá uppbyggingu á gömlum miðbæ í þeim stíl sem hér er gert sagði Guðni: „Þetta er ímyndaður heimur sem er verið að skapa hér. Það er enginn sem

reynir að halda öðru fram og hér er verið að skapa andrúm liðins tíma, reisa ný hús í anda gamalla tíma og fyrirmyndirnar koma héðan og þaðan. Það er einungis ein leið af mörgum til þess að ná þessu mikilvæga samhengi sem við þurfum að hafa í okkar samfélagi milli hins liðna, samtímans og framtíðarinnar. Annarsstaðar er brynt að vernda gömul hús sem fyrir eru. Hér er hugmyndin önnur, að búa til miðbæ með andblæ liðins tíma. Að lokinni kynningu sátu forsetahjónin hádegisverð í Tryggvaskála ásamt forystusveit Árborgar og öðrum sem láta sig uppbyggingu miðbæjarins varða.

-gpp



Leó Árnason ásamt forsetahjónunum. Mynd: Dagskráin/GPP

## Ánægjuleg tíðindi af heimavistarmálum við FSu

Mikið hefur verið rætt um málavistarmál heimavistar við Fjölbrotarskóla Suðurlands af bæði nemendum og öðrum sem hafa látið sig málið varða á undanföllum árum, en lítið hefur áorkast. Nú sér fyrir endann á því. Þau tíðindi hafa borist frá Lilju Alfreðsdóttur, mennta- og menningarmálaráðherra, að ráðuneyti hennar hafi tekið til skoðunar gögn sem starfshópur um heimavist við FSu og Samtök Sunnlenskra sveitarfélaga lögðu fyrir ráðuneytið varðandi heimavistina. Niðurstaða ráðuneytisins er sú að kanna möguleika á því að taka á leigu hentugt húsnæði á Selfossi og starfrækja þar heimavist til reynslu í næstu þrjú til fimm ár. Að reynslutíma loknum verður tekin ákvörðun um framhaldið.

### Heimavistin lykilþáttur í að ungmenni á Suðurlandi njóti jafnréttis til náms

Starfshópurinn sem kom að málinu var skipaður sveitarstjórnarfólki og ungmennum af Suðurlandi. Í honum sátu Anton Kári Halldórsson, Rangárþingi Eystra, Sandra Brá Jóhannsdóttir, Skaftárhreppi og Núi Mar Jónsson frá Ungmennaráði Suðurlands. Hópurinn var undir formennsku Einar Freys Elínarsonar, oddvita í Mýrdalshreppi. Dagskráin hafði samband við Einar og bað hann um að segja frá málinu frá sínum bæjardyrum. „Þetta er afar ánægjuleg niðurstaða sem aldrei hefði náðst nema vegna þess einbeitta vilja sem lá fyrir af hálfu aðildarsveitarfélaga skólans og að sunnlendingum bar gæfa til þess



að standa þétt saman í málinu. Ákvörðun mennta- og menningarmálaráðherra, Lilju Alfreðsdóttur, um að fela skólann að koma á fót heimavist við FSu er mikill sigur fyrir alla sem aðkomu eiga að málinu enda er þetta lykilþáttur í því að tryggja

að ungmenni af öllu Suðurlandi njóti jafnréttis til náms.

### Hafa þarf hraðar hendur til að úrræðið komist í gang fyrir haustið

Það var að heyra að samstaðan hafi verið góð meðal þeirra

þrettán sveitarfélaga sem eru eigendur að FSu og allir þétt raðirnar á Suðurlandinu til þess að koma málinu áfram. Þá hafi verið sterkt að fá ungmenntaráð Suðurlands að borðinu. Nú þurfi að spýta í lófana og koma verkefninu á koppinn sem fyrst. „Nú skiptir miklu fyrir stjórnendur skólans að hafa hraðar hendur til þess að tryggja megi að heimavist verði í boði við skólann fyrir haustið 2020,“ segir Einar Freyr. „Pólitíkin, bæði ríki og sveitarfélög, hafa talað sínu máli og þaðan mun ekki skorta stuðning til þess að skólinn muni með sóma geta boðið þessa þjónustu sem hefur enda ætíð verið grundvöllur þess að skólinn er byggður á jafn breiðum grunni og raun er,“ segir Einar Freyr að lokum. -gpp

Er potturinn klár  
fyrir sumarið?

**PÍPULAGNIR  
HELGA**

Háheiði 10, Selfossi  
S. 699 1985 / 823 6656



**TOYOTA**

ALWAYS A  
BETTER WAY

**HYBRID**

Framúrskarandi þjónusta við Toyota eigendur á Suðurlandi.

Toyota Selfossi Fossnesi 14 Selfossi Sími: 480-8000 www.toyotaselfossi.is





## SUMARNÁMSKEIÐ LEYNILEIKHÚSSINS Í HVERAGERÐI OG Á SELFOSSI 8.-12. JÚNÍ

Leiklistarnámskeið fyrir krakka á aldrinum 8-11 ára.

Unnið er út frá leikgleði og spuna. Nemendur hanna sína eigin sýningu.

Hveragerði, kl. 8.45-12.45. Aldur 8-10 ára. Kennt hjá Leikfélagi Hveragerðis.

Selfoss, kl. 13.15-17.15. Aldur 9-11 ára. Kennt í Vallaskóla.

**Upplýsingar og skráning á:**  
**www.leynileikhusid.is og í síma 864 9373.**



## Það fljúga vængir í Orgelsmiðjunni á Stokkseyri



eyri og segja mér að fólkið á Stokkseyri hafi tekið þeim vel. „Vinir okkar sem koma í heimsókn skilja vel af hverju við völdum að fara hingað og festa rætur,“ segja þau bæði.

### Fór að horfa í það sem til fellur og hugmyndin varð að veruleika

Hvernig kom það til að þú fórst að skapa vængi úr tré? „Jú, ég var dálítið í tónlist en var hætt að hafa mikinn áhuga á því að spila seint á kvöldin. Ég fór því að koma hingað með þeim feðgum í Orgelsmiðjuna og fór að finna mér eitthvað að gera svo ég væri ekki bara heima ein. Það fór svo þannig að ég var að skoða í afgöngum sem falla til við orgelsmiðina og fór að þróa hugmynd sem ég hafði verið með í maganum dálítið lengi. Hún var um svona vængi sem spretta út úr veggjum. Það var svo tengdapabbi sem var fyrstur manna til að sjá að þarna væri góð hugmynd og hvatti mig áfram. Hann gaf mér svo stað við vinnuborð með fallegasta útsýninu í húsinu. Út yfir sjóinn. Fyrstu vængirnir voru mjög frumstæðir, en ég prófaði mig áfram bæði með efni og aðferðir. Þetta er í raun búið að vera í þróun síðan 2016 þegar við byrjuðum á þessu og er í raun enn í þróun,“ segir Myrra Rós. Endurvinnsla spilar stórt hlutverk í lífi Myrru Rósar og hún leitast við að vinna með það í verkum sínum. „Ég er með það leiðarljós að ég endurvinn mjög mikið. Ég vil gera list sem er ekki rándýr. Ég reyni að stilla verðinu eins mikið í hóf og mér er unnt

því mér finnst mikilvægt að það geti allir notið sem vilja.“

### Er bara með annað heilahvelið virkt

Þegar talið færast að því hvaðan sköpunarkrafturinn fyrir listinni kemur segir Myrra: „Ég leyfi mér stundum að segja að ég sé ekki góð í neinu nema að skapa eitthvað, hvort sem það er tónlist eða annarskonar listform. Ég er bara með annað heilahvelið virkt, þetta sem stýrir listinni“ segir hún og skellir uppúr. Ég horfði vantrúaður á hana en hún heldur áfram: „Ég gæti ekki bjargað mér fyrir horn með stærðfræði, en ég fæ eitthvað út úr því að skapa, einhverja ró og hugleiðslu.“ Vængirnir hafa verið mjög vinsælir og Myrra hefur unnið langa daga til þess að eiga vængi handa fólki. Ég spyr hana út í viðtökurnar um vængina sem fljúga nú um í Orgelsmiðjunni undir nafninu Fjaðrafok. „Ég er ofsalega glöð með að fólk hafi áhuga á að hengja þetta upp heima hjá sér,“ segir Myrra og hlær. „Þetta gerðist eiginlega óvart. Það kom bara strax eftirspurn og ég er lukkuleg með það.“ Á vinnuborðinu við gluggann út á sjó eru haganlega gerðir vængir í framleiðslu sem verða brátt tilbúnir að fara á nýtt heimili.

### Það skiptir máli að finna stuðning samfélagsins

Ég kemst ekki hjá því að spyrja þau að því hvernig var að flytja frá Reykjavík og á Stokkseyri. Hvaða áhrif það hefði á þau sem listafólk. „Það tekur smá tíma að venjast því að búa úti á landi. Aðallega

að ná niður tempóinu. Það hægist svona á tempóinu hjá manni. Mér finnst stundum þegar fólk kemur hingað að annaðhvort getur fólk ekki hugsað sér að búa á svona stað eða þráir það þegar það sér hvað lífið okkar er búið að breytast,“ segir Myrra. „Það kom manni kannski á óvart þegar að maður hélt að margir vinir manns myndu segja við mann „hvað ertu að pæla, bara“. Það varð ekki, því margir vinir okkar eru alveg hinumegin og spyrja okkur hvort ekki séu hús til sölu. Við fáum þetta viðmót reglulega. Kannski að hluta til vegna þess hvað við gátum gert með húsnæðismál. Bæði húsið og svo hvað við gátum gert fyrir það. Það hefði aldrei gengið upp í Reykjavík,“ segir Júlíus. „Það er svo annað sem mig langar að koma að í þessu sambandi. Það kom mér skemmtilega á óvart hvað Árborg styður við listamannalífið á svæðinu. Þá hef ég fengið styrki frá SASS. Það er líka bara áhugi frá hendi sveitarfélagsins. Bæjarstjórnin gerir sér far um að mæta ásamt fleiri aðilum úr stjórnkerfinu. Það skiptir mjög miklu máli að finna að það sé stuðningur og áhugi. Þá finnst manni að maður sé að gera eitthvað rétt og fólk hafi trú á því sem maður er að gera. Það er mikilvægt, segir Myrra Rós að lokum. Við kveðjum Stokkseyri í bili og þökkum fyrir gott spjall. Það er óhætt að hvetja fólk til að kynna sér smáa en skemmtilega listasöfn sem sprettur við hafið niðri á Stokkseyri. Þeir sem vilja skoða vængina betur geta flett Fjaðrafoki upp á Facebook.

-gpp

### Völdu að festa rætur á Stokkseyri

Ég stíg inn úr dyrunum í gamla frystihúsinu niðri við höfn á Stokkseyri. Fyrir innan er dauf tónlist úr harmóníum orgeli sem stigið er af Júlíusi Óttari Björgvinsyni sem er í óða önn að laga það. Júlíus er sonur Björgvins sem er orgelsmiðurinn í Orgelsmiðjunni, en Júlíus hefur starfað við hlið hans síðan hann var ungur drengur. Það er kallað glaðlegt halló, komdu inn. Þar er Myrra Rós mætt brosandi og glaðleg, eins og hún er alltaf. Þau Myrra og Júlíus fluttu á Stokkseyri úr bænum eins og svo margir til að losa sig undan oki leigusala og komast í eigið húsnæði og geta haft næði. Þau heilluðust af Stokks-







# GLÆSILEGUR DÖMUFATNAÐUR

## NÝJAR VÖRUR STREYMA INN

Alltaf opið í  
vefverslun okkar  
[www.tiskuverslun.is](http://www.tiskuverslun.is)

**LINDIN**  
TÍSKUVERSLUN  
Eyravegi 29 · Selfossi · Sími 482 1800

### Tónlistarskóli Rangæinga auglýsir



Okkur vantar áhugasaman píanókennara  
til starfa á næsta skólaári.

Um er að ræða 80 – 100% starfshlutfall.

Hér gefst gott tækifæri til þess að taka þátt í öflugu  
tónlistarlífi með frábæru samstarfsfólki.

Skólinn er starfræktur á þremur stöðum í héraðinu  
þ.e. á Hvalsveili, Hellu og Laugalandi í Holtum.

Nánari upplýsingar um starfið veitir  
Sigurgeir Guðmundsson skólastjóri í síma 894 8422.



## Vantar þig heyrnartæki?



### Heyrnarmælingar, ráðgjöf og heyrnartækjapjónusta

Opn S eru ný tegund heyrnartækja frá Oticon sem hjálpa þér að  
heyra margfalt betur í fjölmenni og kilið. Þú getur fengið Opn S  
með endurhláðanlegum rafhlöðum. Árni Hafstað sérfræðingur  
frá Heyrnartækni verður á Selfossi í júní.

Selfoss

16. júní 2020

Bókaðu tíma í síma 568 6880 eða á [www.heyrnartaekni.is](http://www.heyrnartaekni.is)

**Heyrnartækni**

Heyrnartækni | Glæsibæ | Álfheimum 74 | 104 Reykjavík | Landsbyggðapjónusta | Sími 568 6880

## Ferðumst saman í sumar!

# 25%

afsláttur af öllum  
Britax barnastólum  
fyrir meðlimi í  
**Stofni hjá Sjóvá.**

**SJÓVÁ**



**britax**

**Gildir til og með 6. júní.**  
**Sömu daga fá aðrir 20% afslátt.**  
Stofnmeðlimir fá alltaf 20% afslátt af  
Britax í AB varahlutum.



## AB varahlutir

Keflavík | Selfoss | Reykjavík | Akureyri | Egilsstaðir

# Að lesa er stórkostleg hugarleikfimi og æfing í þolinmæði segir lestrarhesturinn Steinn Vignir



Steinn Vignir

Steinn Vignir er fæddur á Selfossi og bjó þar fyrstu árin. Flutti síðan í Hafnarfjörð og útskrifaðist sem stúdent úr Flensburg. Steinn hefur unnið við matseld, fjölmiðlun og lyfjaframleiðslu en starfar nú við heildsölu og hefur gert það síðastliðin sex ár. Steinn flutti aftur heim á Selfoss árið 2016 og býr núna með sambyliskonu og stúlkubarni í rauðu parhúsi í fyrrum Dísastaðalandi.

## Hvaða bók ertu að lesa?

Í dag er ég að lesa Veislu í faránginum sem heitir á ensku A Moveable Feast eftir Ernest Hemingway í þýðingu Halldórs Laxness og er þar með komin skýring á á-inu í íslenska titli bókanna. Hemingway er í vaxandi uppáhaldi hjá mér síðan ég las smásagnasafnið In Our Time sem birtist á þáverandi heimili mínu, um það leyti sem roskin móðir mín ákvað að klára BA-gráðuna sína í enskum bókmenntum. Ég leita oft í gamlar bækur úr námi hennar þegar mig vantar nýja bók á náttborðið.

## Hvers konar bækur höfða helst til þín?

Það sem ég les mest er saga, styrjaldir og ævisögur og ef það er skáldskapur þá er eins gott að menn hafi fengið nóbelinn fyrir hann. Ég nenni ekki að lesa enn eina Erlends-drulluna eftir Arnald Indriðason. Varðandi ævisögur og þess háttar bókmenntir þá er stór hluti af starf-

inu mínu að kynna nýju fólki og stundum er grafið djúpt til að mynda tengsl og það er oft einlægur áhugi minn á fólki gerir mér það kleift. Þ.a.l. eru oft ævisögur á náttborðinu; maður er manns gaman.

## Ertu alinn upp við lestur bóka?

Það er löngu orðið tímabært að áður nefnd roskin móðir mín, Ágústa Rúnarsdóttir, fái upplapp fyrir sín afrek og eitt af þeim er mér sérstaklega minnisstætt er hún pantaði fimmtu Harry Potter bók J.K. Rowling um leið og hún kom út (það hafði enginn á heimilinu þolinmæði fyrir að bókinn yrði þýdd á okkar ylhýra) og las fyrir mig og snaraði jafnóðum yfir á íslensku. Og fyrst ég er byrjaður á J.K. Rowling þá er fjórða bókinn hennar, Eldbikarinn, líklega sú bók sem ég hef oftast lesið. Hinsvegar las ég fyrir ekki svo mörgum árum Vopn- in Kvödd eftir Hemingway í þýðingu Laxness og það er bók sem ég hugsa oft um, sérstaklega eftir að hafa eignast dóttur mína fyrir tæpum tveimur árum síðan.

## En hvernig lýsir þú lestrarvenjum þínum?

Mínar lestrarvenjur eru á þann veg að ég les fyrir svefninn eins og langflestir. Þó tek ég rispur ef heimilishaldið leyfir sem það gerir ekki með hús á byggingarstigi fimm. Þar af leiðandi hefur hugur minn undanfarið leitað til Spánarferðar sem stórfjölskyldan fór í fyrra og ég bankaði úr fjórum eða fimm bókum á tveimur vikum. Að lesa er stórkostleg hugarleikfimi og æfing í þolinmæði, ímyndun og einbeitingu og það er óskaplega sorglegt að ungum drengjum á Íslandi sem vilja og geta lesið sér til ánægju fari fækkandi eins og Framsóknarmönnum.

## Áttu þér einhvern uppáhaldshöfund?

Uppáhalds rithöfundur get ég ekki

valið mér en til að nefna nokkra í engri sérstakri röð yrðu það Kurt Vonnegut, Ernest Hemingway, Hallgrímur Helgason og J.K. Rowling. Þeim tekst öllum að skapa persónur og koma þeim svo til skila að þær eru mér ljóslifandi fyrir augum þurfi ég að kalla þær fram.

## En hefur bók einhvern tímann rænt þig svefni?

Þessa spurningu má skilja á tvo máta, annarsvegar að hafa lesið bók og geta ekki sofnað eftir lesturinn væntanlega vegna kvikindisskapar höfundarins og hinsvegar að geta ekki lagt frá sér bók vegna snilldar og kvikindisskapar rithöfundarins. Oft hefur það gerst fyrir mig að tíminn læðist frá mér þegar allt er orðið hljótt og heimur bókarinn gleypir mína tilveru og færir mig í aðra. Er það ekki annars tilgangurinn? Líklega hef ég ekki einlega misst svefn yfir bók og ef það hefur gerst þá verður það leyndarmálið mitt áfram.

## En hvernig bækur myndir þú skrifa ef þú værir rithöfundur?

Án efa yrðu það ævisögur þar sem frjálslega yrði farið með bæði heimildir og sannleikann og þær væru uppfullar af kynlegum kvistum og skemmtilegum sögum og þversögnum á líðandi stund. Árni Johnsen fullkomnaði þessa þælingu nefnilega og það er eina ástæðan fyrir því að ég er ekki rithöfundur í dag. Það er búið að gera þetta. Á hinn bóginn myndi ég segja að ef ég gæti skrifað jafn rennandi og kærulaust og af jafnmikilli fjarlægri tilfinningu og Ernest Hemingway þá væri ég alkohólisti með átta útgefnar bækur og eina fyrrverandi sambyliskonu.

Lestrarhestur númer 93.

Umsjónarmaður

Jón Ózur Snorrason.



## Sunnlenski matgæðingurinn



Takk fyrir áskorunina Hanna Valdís. Ég ákvað að deila með ykkur uppskriftum að hakk-súpu og Naan brauði sem er mjög gott að gera stórar uppskriftir af og frysta.

### Hakksúpa (fyrir 6)

500 g hakk (kryddað)  
2 selleristíklar  
1 rauð paprika  
1 rauðlaukur  
1 laukur  
8 dl vatn  
200 g rjómaostur  
5 dl matreiðslurjómi  
1 stór dós tómatur  
1 dós hakkaðir tómatar

### Aðferð:

Hakk steikt og kryddað. Grænmeti léttsteikt á pönnu. Öllu skellt í pott og látið malla í 25 mínútur. Kryddað með hvítlaukssalti, salti og pipar og sweet chilli sósu eftir smekk hvers og eins. Borið fram með nachos, sýrðum rjóma og rifnum osti.

### Naan brauð (10-12 stk.)

200 ml mjólk  
2 msk sykurl  
1 poki þurrger eða 5 tsk  
600 gr hveiti  
1 tsk salt  
2 tsk lyftiduft

Ég skora á Birnu Sigurðardóttur að koma með næstu uppskrift því ég veit að hún hefur beðið spennt eftir að fá áskorun.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dagskrain@prentmet.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.



Sigriður Björk Ólafsdóttir

4 msk olía  
1 dós hreint jógúrt

### Aðferð:

Setjið ger og sykurl saman í skál og hellið volgri mjólk yfir. Látið standa í 15 mínútur. Blandið hveiti, salti lyftidufti, olíu og jógúrt saman við og látið deigið hefast í 1 klst. Búið til kúlur úr deiginu og fletið út nokkuð þunnt. Hitið ofninn í 275°C eða 210-220 á blæstri. Bakist í 5-7 mínútur. Bræðið 25 g smjör í potti, pressið og setjið 1-2 hvítlauksrif og 1 msk garam masala út í, penslið á brauðin um leið og þau koma úr ofninum og stráið Maldon salti yfir.

Verði ykkur að góðu.

## Set skrifar undir samning við Selfossveitur

Set ehf. á Selfossi skrifaði undir samning við Selfossveitur nú á dögunum. Fyrir liggur að snjallvæða alla hitaveitumæla hjá Selfossveitum. Það hefur umtalsvert hagræði í för með sér en þá geta mælarnir sjálfir annast álestur og komið gögnum í rauntíma til Selfossveitna. Sigurður Þór Haraldsson, deildarstjóri hjá Selfossveitum, sagði í samtali við blaðið að mælarnir hefðu einnig talsverða þýðingu fyrir notendur. Það væri hægt að fylgjast betur með notkuninni og stilla hana af. Háir bakreikningar ættu því að heyrast sögunni til. Þá væri auðvelt að sjá með einföldum hætti ef notkunin rýkur upp og þá hægt að bregðast fyrir við ef eitthvað er bilað eða ekki í lagi. Búnaðurinn sem um ræðir er frá fyrirtækinu Diehl í Þýskalandi, en það er eins og áður sagði Set ehf á Selfossi sem flytur búnaðinn inn og mun annast verkið. Ver-

kefnið er til næstu fimm ára en það tekur tíma að skipta út mælum í kerfinu. Fyrsta afhending á mælum verður nú í júní að sögn Valdimars Hjaltasonar hjá Set. Aðspurður um þá nýbreytni að Set fari út í svona mæla segir Valdimar að Set hafi lengi verið í innflutningi á sérhæfðari mælitækjum og búnaði fyrir ýmsan iðnað. Þetta sé því viðbót við þá flóru innan fyrirtækisins. -gpp



Frá vinstri: Jón Gautason og Valdimar Hjaltason frá Selfossveitum. Sigurður Þór Haraldsson frá Selfossveitum.

## DAGSKRÁIN

Útgefandi: Dagskráin, Eyraveggi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, fax 482 2835, dagskrain@prentmet.is.

Ritstjóri: Gunnar Páll Pálsson, sími 856 0673, gunnar@prentmet.is.

Auglýsingar: Katla Harðardóttir, sími 482 1944, katla@prentmet.is

Dagskráin kemur út á hverjum miðvikudegi. Allt efni og auglýsingar berist í Prentmet, Eyraveggi 25, Selfossi, fyrir hádegi á mánudögum. Upplag 9700 eintök.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X

Svansmerkið, Prentgripur, 1041 0858

Vísnaðgátur-höf. Ármann Dalmannsson - Útg. Bókaútgáfan SKRUDDA

## Gáta vikunnar

Komir þú í mark á meti, mín þú nýtur.  
Ögn af mysu á mér þýtur.  
Úr mér hagl og kúla þýtur.


Svar við gátu í blaði 2549: STOFN.

1. lína: Trjástofn- 2. lína: Bústofn  
3. lína: Stofnsjóður



# GÁMASALA!

## Tvær vörur á frábæru verði



### Tilboðsverð

#### Bensínláttuorf

Bensín sláttuorf 1,4KW, 55cc, tvígangis mótur sem er auðvelt að kveikja á.

### 39.995

7133002545

Almennt verð: 49.995

Þú sparar:

### 10.000

## 20%

### Tilboðsverð

#### Bensínláttuvél

2,52kW fjörgengis mótur, 46cm sláttubreidd, sjálfdrifin. 55 lítra safnpoki. 7 stiga hæðarstilling 25-75mm. Vatnstengi fyrir þrif.



### 39.995

7133004344

Almennt verð: 69.995

Þú sparar:

### 30.000



Birt með fyrirvara um prentvillur og/ella myndbrenslu. Tilboð gilda til 10. júní, eða á meðan birgðir endast.

## Nýtt blað

á byko.is



## Vinnur þú 100.000kr. inneign í BYKO?

Taktu mynd af rými sem þarfnast yfirhalningar, hvort sem um ræðir baðherbergi, stofu, eldhús eða annað. Settu myndina á Instagram fyrir 17. júní og merktu:

#bykoheimili20

# BYKO

GERUM PETTA SAMAN

Auðvelt að versla á netinu

82%

Sunnlendinga lesa  
Dagskrána í hverri viku


**Sendibílar á Suðurlandi**

**Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu**  
**Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir**  
**Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.**

Tómas 820 3880 - keyrsla@keyrsla.is - www.keyrsla.is - f /keyrsla.is

ICECOOL

Bifreiða- og breytingaverkstæði

Gagnheiði 51, Selfossi - Sími 482 1361 - gunni@icecool.is

Nú er tími  
til kominn  
að koma með  
ferðavagnanaSkipulagsauglýsing - Sveitarfélagið Ölfus  
Deiliskipulagstillaga Akurholt,  
Sveitarfélaginu Ölfusi

Bæjarstjórn Ölfuss hefur samþykkt á fundi nr. 277, 26. mars 2020 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir Akurholt í Ölfusi, skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eftir afgreiðslu Skipulags- og umhverfisnefndar Ölfuss. Deiliskipulagstillagan fjallar um jörðina Akurholt sem liggur innan Hvammskringsins í Ölfusi. Jörðin er 117 hektarar, að mestu framræst myrlendi.

Skipulagið gerir ráð fyrir fjórum nýjum lóðum á bilinu 2-4 hektarar, fimm íbúðarhúsum, nýrri vélageymslu, byggingarreiti fyrir frístundahús og húsi til landbúnaðarnota. Svæðið er merkt sem landbúnaðarsvæði í gildandi aðalskipulagi. Miðað við tillöguna gæti fjöldi húsa á svæðinu orðið 14 hús auk bílskúra. Deiliskipulagið er í samræmi við aðalskipulag Sveitarfélagsins Ölfuss 2010-2022.

Deiliskipulag þetta verður til sýnis á bæjarskrifstofum Sveitarfélagsins Ölfuss að Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn. Uppdráttur og greinagerð eru einnig aðgengileg á heimasíðu Ölfuss, olfus.is undir „skipulag í kynningu“.

Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Frestur til að gera athugasemdir er frá og með 4. júní til 17. júlí 2020. Þeim skal skila á bæjarskrifstofur Ölfuss eða með tölvupósti á skipulag@olfus.is.

850 milljón króna fjárfestingar  
í Hveragerði til 2022

Á stjórnarfundum Veitna þann 8. apríl sl. voru samþykktar aðgerðir til að bregðast við þeim afleiðingum sem Covid-19 faraldurinn hefur haft á atvinnulíf landsins. Veitur ætla að sýna samfélagslega ábyrgð í verki og auka fjárfestingar í mannafls-frekum verkefnum sem munu hafa mikil áhrif í samfélaginu. Leiðarljósið er að viðhalda atvinnustigi í landinu eins og kostur er en áætlað er að aðgerðirnar skapi hátt í 200 störf á starfssvæði Veitna á suðvesturhorni landsins.

Samþykkt var að auka fjárfestingar Veitna um samtals 2 milljarða króna á árinu 2020. Jafnframt var samþykkt að stefna að því að auka fjárfestingar á árinu 2021 um allt að 4 milljarða króna en endanleg ákvörðun um aukningu fjárfestinga á árinu 2021 kemur til afgreiðslu við gerð fjárhagsspar í haust. Þessar fjárfestingar bætast við áður fyrirhugaðar fjárfestingar Veitna sem nema um 9 milljörðum kr. árlega. Veitur munu því fjárfesta fyrir samtals 11 milljarða króna á þessu ári og líklega 14 milljarða króna árið 2021.

## Fjöldmörg verkefni í Hveragerði

Veitur hafa undanfarið skilgreint mikilvæg verkefni í Hveragerði sem ráðist verður í á næstu tveim árum. Framkvæmdafé hefur verið aukið um 250 m.kr í ár og 300 m.kr á næsta ári ofan á þær 300 m.kr. sem þegar voru á áætlun á þessu tímabili. Samtals verður því 850 milljónum varið í framkvæmdir í Hveragerði á þessu ári og næsta. Fyrst má nefna uppsetningu djúpdælu sem auka mun afhendingaröryggi hitaveitu í Hveragerði til framtíðar en álag á kerfið hefur stundum verið of mikið yfir



köldustu mánuðina. Húsnæði Veitna við Bláskóga verður jafnframt breytt með það fyrir augum að varmaskiptir sem þar er geti tekið á móti mun heitara vatni sem eykur afhendingaröryggi hitaveitu. Fljótlega munu Veitur einnig hefjast handa við byggingu nýrrar 500 m2 starfsstöðvar sem hýsa mun starfsmannaaðstöðu og lager í nýju iðnaðarhverfi Hveragerðis í Vorsabæ. Einnig er unnið að uppsetningu snjallmæla í bæjarfélaginu en með þeim er hægt að fjarlesa upplýsingar um hitastig og notkun. Verkefni eru öll þess eðlis að þau eru fyrir utan hefðbundin störf starfsfólks Veitna og verða því verktakar ráðnir til að sinna þeim. Þannig verða sköpuð fleiri störf til að vega á móti því atvinnuleysi sem skapast hefur af völdum Covid-19 faraldursins.

„Hvergerðingar eru afar ánægðir með þær framkvæmdir sem framundan eru í bæjarfélaginu. Með tilkomu djúpdæluunnar sjáum við fram á nýja tíma hvað varðar afhendingaröryggi því ljóst er að nægt heitt vatn er hér undir fótum okkar. Fram-

kvæmdir fyrirtækisins verða lyftistöng fyrir bæjarfélagið og starfstöð Veitna sem rísa mun í nýja iðnaðarhverfinu við Vorsabæ mun verða áberandi og veita störf bæði á framkvæmdatíma sem og síðar. Það er mikilvægt að við sameinumst um að halda áfram framkvæmdum á þessum tíma og því er ánægjulegt að sjá að Veitur ohf og Hveragerðisbær eru á sömu skoðun hvað það varðar“, segir Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri Hveragerðisbæjar.

Gestur Pétursson, framkvæmdastjóri Veitna tekur undir með Aldísi og segir: „Við erum afar stolt og ánægð með að Veitur geta lagt sín lóð á vogarskálarnar og aukið umsvif í hagkerfinu nú þegar hin lamandi hönd covid veirunnar hefur farið yfir landið. Þessar fjárfestingar okkar munu bæta dreifikerfi vatns- rafmagns- og fráveitu á starfssvæði Veitna. Verkefni í Hveragerði eru öll tengd hitaveitunni og samhliða því að fjölga störfum munu þau auka samkeppnishæfni atvinnulífs og tryggja betri lífsgæði íbúa til framtíðar.“

## Gönguleiðin inn Reykjadal var opnuð á hvítasunnudag

Gönguleiðin inn Reykjadal opnaði sunnudaginn 31. maí sl., hvítasunnudag, eftir lokun síðustu vikna. Lokunartíminn var vel nýttur og ráðist í ýmsar endurbætur á gönguleiðinni. Þá hefur verið sett upp ný brú yfir Hengladalá sem leysir af hólmi gömlu staurabrúna sem kominn var tími á. Brúin er smíðuð af Límtré Vírnet á Flúðum og er hin veglegasta.

Göngustígurinn hefur tekið nokkrum breytingum og hefur hann nú verið færður frá hverunum í hlíðinni í dalnum. Þar hefur á stundum skapast mikið hættuástand sem bregðast varð við. Brúin sem lögð hafði verið yfir hverinn hefur verið fjarlægð. Mikilvægt er að göngumenn taki tillit til aðstæðna, muni að verið er að fara um svæði þar sem hverir geta skapað hættu og



verið hættulegir á mörgum stöðum. Ávallt skal fylgja merktum gönguleiðum.

## Gestir hvattir til að vanda umgengni

Við baðstaðinn eru gestir beðnir um að ganga snyrtilega um og taka með sér sundföt og handklæði þegar svæðið er yfirgefið sem og annað rusl. Engin salerni eða ruslafötur eru við gönguleiðina eða baðstaðinn

enda er gert ráð fyrir að það sem kemur í dalinn fari allt þaðan aftur.

Áfram verður unnið að endurbótum á gönguleiðinni á vegum starfshóps um uppbyggingu í Reykjadal. Jafnframt er rétt að geta þess að landvörður á vegum Umhverfisstofnunar verður að störfum í Reykjadal í sumar gestum til halds og traust og ekki síður til leiðbeiningar um almenna umgengni.

# VIÐ ERUM AÐ RÁÐA Í LAUGARÁSI

———— Sæktu um á [lyfja.is](https://lyfja.is) ————





# FRAMBJÓÐENDUR Á FERÐ UM SUÐURLAND

## Guðmundur Franklín á ferð um Suðurland

Í síðustu viku var forsetaframbjóðlandinn Guðmundur Franklín á ferð um Suðurlandið og kynnti fyrir fólki það sem framboð hans stendur fyrir. „Það er búið að vera ákaflega gaman að fara um á Suðurlandinu. Auðvitað byrja ég hér á Suðurlandi því að ég er ættaður héðan úr Fljótshlíðinni. Ég er búinn að vera hér á Suðurlandinu síðan á mánudag keyrandi um. Það er þannig að allir vilja taka spjallið og tíminn er knappur. Það hefur endað í því að það seinkar yfirferðinni aðeins en það kemur ekki að sök,“ segir Guðmundur Franklín.

### 26. greinina þarf að virkja og nýta

Í baráttu sinni hefur Guðmundur Franklín rætt um 26. greinina og mikilvægi hennar fyrir Íslendinga. „Það má með sanni segja að Ólafur Ragnar hafi breytt embætti forseta til hins betra þegar hann vakti 26. greinina til lífsins eða málskotsréttinn svokallaða. Þessi hugrakka breyting gerði okkur kleift að kjósa m.a. um „Svavarsamninginn“ í Icesave-málinu svokallaða og spara þjóðinni stórfé og sannaði þá gjá sem myndast milli þings og þjóðar í umdeildum málum. Mér hefur ekki fundist núverandi forseti vera nægilega vakandi fyrir því að nota þennan öryggisventil í umdeildum málum eins og Orku-pakkamálinu eða Landsréttarmálinu.

### Milligöngumaður milli þings og þjóðar

Aðspurður um hvernig forseti Guðmundur sér fyrir sér að hann verði segir hann: „Sanngjarn, réttlátur og heiðarlegur. Ég mun passa upp á að hlusta á fólkið í landinu en uppspretta valdsins kemur frá þjóðinni og þess vegna mikilvægt að hlusta á þjóðina og vera milligöngumaður milli þingsins og þjóðarinnar þegar



gjáin opnast. Það er meira og meira núna undanfarin ár sem að gjáin er að dýpka og breikka. Það á að vera forsetans starf að pass upp á að það sé talað saman.

„Mér hefur fundist eftir því sem fram líða stundir að ríkisstjórnir landsins verði ófyrirleitnari við að ganga fram gegn vilja þjóðarinnar og svíkja kosningalof- orð. Þegar málum er svo háttað á þann veg að fólkið í landinu og þingið tala ekki sama máli, sé hægt að grípa inn í með málskotsrétti. Þá er lykilatriði að forseti geri það sem hann geti þegar ríkisstjórnin fer offari og ætlar sér að innleiða óheppi- legar Evrópureglugerðir í gegnum þings- ályktunartillögur. Í þessháttar tilfellum þarf forseti að bjóða ríkisstjórninni á sinn fundi og þrýsta á um að hún fari að vilja þjóðarinnar og halda þjóðaratkvæða- greiðslu,“ segir Guðmundur Franklín að lokum.



Feðgarnir Guðmundur Franklín og Árni Guðmundsson í Múlakoti.



Forsetahjónin með Reyni Pétur á Sólheimum í fyrstu forsetaheimsókn þeirra, 3. ágúst 2016.

## Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands: Sóknarfæri á Suðurlandi

Hvaða skilaboð færir þú Sunnlendingum í aðdraganda forsetakjörs?

„Ég þakka Sunnlendingum þá velvild og gestrisni sem þeir hafa alla tíð sýnt mér og okkur hjónum. Síðastliðin fjögur ár hefur leið okkar oft legið austur fyrir fjall og alltaf er jafn vel tekið á móti okkur. Fyrsta heimsóknin eftir embættistöku var að Sólheimum í Grímsnesi þar sem Reynir Pétur og fleiri tóku á móti okkur – nú þarf maður að ná í geisladiskinn með munnhörpuleik hans! Nokkrum vikum síðar flutti ég opnunarávarp á ráðstefnu ungmennaráða á Suðurlandi á Hvolsvelli. Þar minnti ég krakkana á að sýna seiglu og dug, gefast ekki upp þótt á móti blási en hika ekki heldur við að leita aðstoðar þegar þurfa þygi, því að í öflugum samfélagi fá allir jöfn tækifæri til að sýna hvað í þeim býr; í öflugum samfélagi stendur fólk saman þegar á reynir.

Opinber heimsókn í Bláskógabyggð árið 2017 kemur líka í hugann, ferð um Suðurland með þýsku forsetahjónum um síðastliðið sumar og fjölmargir aðrir viðburðir. Þannig hefur mér hlotnast sá heiður ár hvert að afhenda Menntaverð- laun Suðurlands og styrki úr Vísinda- og rannsóknasjóði Suðurlands og fagna þar með duglegum nemum á framabrot.

Síðustu vikur höfum við fjölskyldan haldið á vinsæla ferðamannastaði og hvatt landann til ferðalaga hér innanlands í sumar. Í þeim efnum minnst ég fróð- legra samræðna við forystufólk í Vík í Mýrdal. Höggið er þungt þar eins og víða en engan uppgjafartón var að heyra, þvert á móti kenndi þar eldmóðs og þolgæðis. Og í fyrradag kynntum við Eliza okkur stórhuga áform um uppbyggingu mið- bæjarins á Selfossi, það er heldur betur spennandi verkefni.“

Hvert er hlutverk forseta Íslands?

„Forseti hefur skýrum skyldum að gegna

í okkar stjórnskipun. Samkvæmt stjórn- arskrá er forseta samt ekki ætlað að taka þátt í stjórnmálum frá degi til dags. Hann er ábyrgðarlaus af stjórnarathöfnum og ráðherrar bera ábyrgð á öllum stjórnar- framkvæmdum. Forseti lætur þó til sín taka á örlagastundum, við stjórnarmynd- anir og stjórnarslit. Þá hefur sú hefð skapast að áskoranir tugþúsunda kjós- enda geti leitt til þess að forseti leggi lög í dóm kjósenda. Hér þarf ríkur þjóðarvilji að koma fram; til dæmis hefði það varla þótt sæmandi að ég hefði orðið við ósk- um um 5.000 kjósenda að synja lögum um búvörusamning staðfestingar á sínum tíma.

En starf forseta liggur svo miklu víðar en á sviði stjórnmála og stjórnskipunar. Forseti á að láta sig allt samfélagið varða. Forseti á að stuðla að einhug frekar en sundrung, láta fólk finna að enginn sé settur skör neðar en aðrir. Forseti á ekki að kynda undir ofríðarball í samfélaginu. Hann á ekki að ala á ótta og tortryggni, hann á ekki að tala niður til þeirra sem hann er ósammála. Forseti á að efla þær undirstöður samfélagsins sem við get- um öll sameinast um, grunnildi eins og jafnrétti og umburðarlyndi, frelsi og fjöl- breytni. Forseti á að hlúa að sameiginleg- um menningararfi okkar og sögu, ekki með innantómu oflofi heldur með því að tala af hreinskilni um það sem miður fór en stolti um það sem vel gekk, sem er blessunarlega mun viðameira þegar við Íslendingar eigum í hlut.“

Einhver orð að lokum?

„Ég hvet kjósendur til að nýta sinn rétt í væntanlegu forsetakjöri og bind vonir við að það sé ekki rétt sem nafni minn Ágústsson sagði mér eitt sinn að sagt væri um Flóamenn, og þá kannski fleiri Sunnlendinga, að þeir væru svo hógværir að þeir gætu hvorki sagt já né nei!“



## Sólheimar opnir í allt sumar – fagna 90 ára afmæli



Það er alltaf gott að koma heim að Sólheimum. Staðurinn verður opinn í allt sumar og allir velkomnir. Sólheimar voru stofnaðir af Sesselju Hreindísi Sigmundsdóttur á 28 ára afmælisdegi hennar þann 5. júlí árið 1930 og fagna því 90 ára afmæli í ár. Sumarið 2020 mun endur-

spegla þennan merka áfanga og verður nóg um að vera fyrir alla. Að venju mun Menningarveisla Sólheima standa yfir allt sumarið með tilheyrandi sýningum, tónlist, óvæntum upþákomum og öðrum viðburðum. Menningarveislan hefst laugardaginn 6. júní nk.



Kristján Atli fer mjúkum höndum um rjúpuna.

### Leikskólinn Bergheimar í Þorlákshöfn auglýsir eftir **deildarstjóra**

Um er að ræða 100 % stöðugildi

- Bæði kynin eru hvött til að sækja um
- Fáist ekki leikskólakennari til starfsins er heimilt að ráða aðra í stöðuna.
- Laun eru greidd skv. kjarasamningi leikskólakennarafélagsins eða FOSS.
- Umsækjendur þurfa að geta hafið störf 12. ágúst 2020.

#### Menntunar- og hæfniskröfur

- Leikskólakennaramenntun, önnur háskólamenntun eða reynsla á sviði uppdís og kennslu.
- Færni í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði í starfi.
- Jákvæðni og áhugasemi.
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð.
- Allar umsóknir eru skoðaðar og þeim svarað.

Umsóknareyðublöð fást á heimasíðu Ölfus olfus.is og skal skilað eigið síðar en 17. júní 2020.

Allar upplýsingar um starfsemi Bergheima er að finna á [www.bergheimar.is](http://www.bergheimar.is) og nánari upplýsingar um starfið veitir Dagný leikskólustjóri í síma 480-3660.



## Østerby Hár

Við viljum benda viðskiptavinum okkar á breyttan opnunartíma í sumar.

**1. júní - 31. ágúst**

**Mán. - fös. kl. 8-17**

Austurvegur 35, Selfossi - Sími 482 1455

## VARAHLUTIR í dráttarvélar



### VALTRA, MASSEY FERGUSON, ZETOR, CASE og NEW HOLLAND

Eigum fyrirlyggjandi og sérpöntum varahluti í fjölmargar gerðir landbúnaðartækja.

|          |             |          |
|----------|-------------|----------|
| Alö      | Goes        | Schäffer |
| Bogballe | Kvernerland | Trejon   |
| ERT      | McHale      | Valmetal |
| FAE      | Pronar      | NC       |
| FMG      | Pöttinger   | He-VA    |

Einnig ýmsar gerðir sláttutraktora

### Sérpöntum einnig dekk frá Alliance



Opið alla virka daga  
frá 08:00 - 17:00

Austurvegi 69 // 800 Selfoss // 480 0400 // [jotunn.is](http://jotunn.is) // [jotunn@jotunn.is](mailto:jotunn@jotunn.is)

**DFS.is**  
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Ertu að leita að  
vinnu á Suðurlandi?

**Ný störf auglýst í hverri viku!**

[www.dfs.is/atvinna/](http://www.dfs.is/atvinna/)



**BJÖRGUNARFÉLAG  
ÁRBORGAR**

## Aðalfundur

Björgunarfélags Árborgar verður haldinn  
þriðjudaginn 9. júní kl. 20  
í Björgunarmistöðinni á Selfossi, Árvegi 1.

Venjuleg aðalfundarstörf  
Kosið verður til stjórna og annarra starfa

## Aðalfundur

### Félag rafiðnaðarmanna á Suðurlandi

Aðalfundur Félags rafiðnaðarmanna á Suðurlandi  
verður haldin þriðjudaginn 16. júní 2020 á Skrifstofu  
félagsins, Austurvegi 9. kl 19:00.

#### Dagskrá fundar.

1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Önnur mál.

Stjórnin.



## Aðalfundarboð

Aðalfundur Skógræktarfélags Selfoss verður **miðvikudaginn 10. júní kl 20:00** í austurrými Sólvalaskóla (gengið inn frá Engjavegi).

#### Á dagskrá verða:

- Venjuleg aðalfundarstörf
- Örfyrirlestur um aspir og aspatilraun í Hellisskógi 1992.
- Fyrirlesari: Úlfur Óskarsson.

Allir eru velkomnir



# Grænt vetni er umhverfisvænn orkugjafi



Auður Nanna segir að mikill kostur á vetnisvinnslu sé sú staðreynd, að auðvelt sé að stýra framleiðslunni. „Rafgreinar þola vel að kveikt sé og slökkt á vinnslunni í samræmi við eftirspurn, svo framleiðandinn getur hagað henni eftir þörfum markaðarins hverju sinni.“

### 4% bílaflotans ábyrg fyrir 15% útblásturs

Þegar öflug vetnisvinnsla er komin í gang felst í henni hvati fyrir ýmsa anga atvinnulífsins að huga að vistvænni rekstri. Þannig má t.d. benda á, að vöruflutningabílar eru eingöngu um 4% íslenska bílaflotans, en þeir bera hins vegar ábyrgð á 15% alls útblásturs, sem frá bílum stafar.

Fjölmargar þjóðir hafa nú sett sér vetnisstefnu. Evrópu-sambandið og Japan hafa gefið út vetnisvegvisi og áforma stórtæka notkun vetnis í sínum orkukerfum. Vetnið má nýta í rafmagnsframleiðslu, iðnaðarferla, hitaveitu og sem orkugjafi í samgöngum. Ef vetnið er framleitt með endurnýjanlegri orku er það nánast kolefnislaust.

Kynning Landsvirkjunar fyrir sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps á fyrirhugaðri vetnisvinnslu við Ljósafossstöð var fyrsta skrefið á leið að vetnisstöð, að sögn Auðar Nönnu. Samkvæmt gildandi aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2008-2020 er landnotkun á fyrirhuguðu svæði t.d. sýnd sem íbúðabyggð. Eigi vetnisstöðin að rísa þar þarf löðin undir vinnsluna að vera skilgreind sem iðnaðarsvæði.

Landsvirkjun undirbýr nú hugsanlega vetnisvinnslu og til að byrja með telur fyrirtækið hentugt að hefja slíka vinnslu við Ljósafossstöð. Landsvirkjun hefur kynnt þann möguleika fyrir sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps. „Við Ljósafoss yrði framleitt svokallað grænt eða hreint vetni, sem fæst með rafgreiningu vatns með endurnýjanlegum orkugjöfum,“ segir Auður Nanna Baldvinsdóttir, viðskiptaþróunarstjóri hjá Landsvirkjun. „Slík umhverfisvæn framleiðsla á vetni er enn fátíð í heiminum, en víða er vetni unnið úr jarðgasi og markar umtalsverð kolefnisspor.“

Starfsemin við Ljósafoss myndi rúmast í tæplega 700 fermetra byggingu, þar sem hægt væri að auka við framleiðslu eftir því sem eftirspurn yrði meiri, en sem dæmi gæti rafgreinir í fullri stærð notað allt að 10 MW af raforku til vetnisframleiðslu. Slík framleiðsla myndi nægja til að knýja bílaflota sem nemur a.m.k. öllum vögnum Strætó.

#### Eldsneyti framtíðar

Auður Nanna segir að vetni,

raflöður og metan hafi mismunandi eiginleika, en þarfir notenda skipti mestu máli í vali á orkugjafa. „Vetnið telst auðvelt í vinnslu miðað við margt annað eldsneyti og starfsfólk Landsvirkjunar hefur þegar þá grunnþekkingu sem þarf til framleiðslunnar, þótt frekari þjálfun sé þörf,“ segir hún.

Við vinnslu vetnis knýr raforka svokallaðan rafgreini, sem klýfur vatn í frumefni sín, vetni og súrefni. Fjölmargir kostir fylgja vetni sem orkugjafi. Það er ekki skaðlegt fyrir umhverfi og náttúru og veldur ekki mengun. Það er léttara en andrúmsloft og rýkur því mjög hratt upp ef leki á sér stað. Þrátt fyrir fjölmarga kosti hefur vetnið sína galla. Það er plássfrekt og kostnaðarsamt í geymslu og flutningi. Þá er vetnið vissulega eld- og sprengifim gastegund, svo umgengni öll verður að lúta sömu öryggiskröfum og olíu- og bensínstöðvar. Vetnisgeymar eru vel varðir fyrir hnjaski og um vetnisflutninga gilda sömu reglur og um olíuflutningabíla, þ.e. strangar og viðurkenndar öryggisreglur.

## Afmæli og skóflustunga á vestursvæði Vatnajökulspjóðgarðs

Sunnudaginn 7. júní nk. verður 12 ára afmæli Vatnajökulspjóðgarðs fagnað. Þann dag verður tekin skóflustunga að nýrri gestastofu, á vestursvæði þjóðgarðsins, við Kirkjubæjarklaustur. Gestastofunnar hefur verið beðið með talsverðri óþreyju undanfarin ár, en nú er búið að bjóða út fyrsta áfanga, þ.e. aðkomuveg og bílastæði og áætlað að þeim hluta ljúki í ágúst. „Jarðvegsvinnan við bygginguna sjálfa er á leið í útboð svo hjólin eru sannarlega farin að snúast og full ástæða til að halda hátíð,“ segir í tilkynningu frá Skaftárhreppi. Byggingin mun rísa við sonefndan Sönghól í landi Hæðargarðs, sunnan Skaftár, beint á móti byggðinni á Klaustri og er byggingarlóðin höfðingleg gjöf til Vatnajökulspjóðgarðs frá Magnúsi Þorfinnssyni, landeiganda. Athöfnin hefst klukkan 13:30 á byggingarreitnum

þar sem Magnús, ásamt umhverfis- og auðlindaráðherra og fulltrúum Vatnajökulspjóðgarðs og Skaftárhrepps, munu taka skóflustungu. Það ræðst af gjafmildi veðurguðanna hversu stór hluti dagskrárinnar fer fram undir berum himni, en hátíðardagskráin heldur svo áfram í Skaftárstofu, núverandi gestastofu Vatnajökulspjóð-

garðs á Kirkjubæjarklaustri, sem á athvarf sitt í félagsheimilinu Kirkjuhvoli. Nemendur úr Tónlistarskóla Skaftárhrepps taka þátt í dagskránni og á veggjum verður m.a. sýning frá nemendum Leikskólans Kærabæjar. Við endum svo gleðina á veislukaffi í umsjón Kvenfélags Kirkjubæjarhrepps.





# Vinnuskóli Árborgar í startholunum

Rúmlega þrjú hundruð umsóknir hafa borist Vinnuskólanum í Árborg, en hann er fyrir börn í 8. – 10. bekk grunnskóla sveitarfélagsins. Framundan hjá Vinnuskólanum er að koma Sveitarfélaginu í sumarþúning og sjá til þess að sveitarfélagið skarti sínu fegursta fyrir íbúa og gesti til að njóta. Við byrjum að því að spyrja hvort Covid faraldurinn hafi haft einhver áhrif á störf vinnuskólans. „Ég held óneitanlega að þessi faraldur hafi sett mark sitt á allt samfélagið, almennt. Við þurfum að fara öðruvísi leiðir að mörgu, en ég hef fulla trú á því að okkar nemendur séu meðvitðir sem og okkar starfsfólk um að vanda sig og fara eftir leik-

reglum. Meðal þess sem breytist er að árleg skólaþing vinnuskólans verður ekki í Fjallasal Sunnulaekjarskóla heldur verður sendur út rafpóstur með öllum upplýsingum. Svo er hægt er að hafa samband ef eitthvað er óljóst, segir Dagbjört Harðardóttir, skólastjóri Vinnuskóla Árborgar.

## Fræðsla og uppbyggileg störf

Störfín eru margskonar og margslungin hjá Vinnuskólanum. Hefðbundin hreinsunarstörf eins og beðahreinsun, plökk og gatna-hreinsun eru venju samkvæmt ofarlega á lista. Þá er starfræktur fjölmiðill í vinnuskólanum en hann hefur nafnið Grænjaxlinn. Meðal annars hefur birst

efni frá unglingunum sem þar starfa í Dagskránni. „Við höfum það hlutverk að útverga nemendum uppbyggileg störf ásamt fræðslu í öruggu starfsumhverfi. Störfín snúa flest að umhirðu í sveitarfélaginu og öðru sem til fellur. Hér er ekkert hikað við að henda eins og í einn hópeflisleik ef krakkarnir standa sig vel,“ segir Dagbjört.

## Fyrsta skrefið út á vinnumarkaðinn

Í vinnuskólanum eru handtökin kennd, en einnig það hvað það er að vera á almennum vinnumarkaði. „Við ætlumst til stundvísi, reglusemi og háttvísi. Hver hópur hefur sinn flokkstjóra sem skrifar umsögn í lok sumars sem vottuð er af Vinnuskólanum. Það geta krakkarnir svo tekið með sér þegar sótt er um vinnu annarsstaðar en sum þeirra eru komin á þann aldur að brátt fara þau að leita sér að vinnu á almennum markaði. Það getur munað um að hafa góða umsögn í farteskinu þegar að því kemur,“ segir Dagbjört að lokum.

—gpp



# Skólastjóri

## Bláskógaskóli, Reykholti



Bláskógabyggð auglýsir eftir umsóknum um starf skólastjóra til að stýra Bláskógaskóla í Reykholti, Biskupstungum. Skólinn er fyrir nemendur í 1. til 10. bekk. Í skólanum eru 83 nemendur og þar starfa 20 starfsmenn. Kjörorð skólans eru Virðing-Velliðan-Samvinna.

Bláskógaskóli í Reykholti er annar tveggja grunnskóla Bláskógabyggðar. Gott samstarf er við leikskólann Álfaborg í Reykholti, Bláskógaskóla á Laugarvatni og Kerhólsskóla í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi sem býr yfir leiðtogaþæfni og hefur mikla reynslu og þekkingu á grunnskólastarfi. Skólastjóri starfar skv. lögum og reglugerðum um grunnskóla og öðrum lögum er við eiga, aðalnámskrá, námskrá skólans og skólastefnu Bláskógabyggðar.

## Helstu verkefni og ábyrgðarsvið:

- Veita skólanum faglega forystu.
- Virk þátttaka í þróun og skipulagi skólastarfs í sveitarfélaginu.
- Stjórnun og ábyrgð á daglegum rekstri skólans.
- Samstarf við skólanefnd, sveitarstjóra og sveitarstjórn og aðra aðila skólasamfélagsins.

## Menntunar- og hæfnikröfur:

- Leyfisbréf grunnskólakennara og kennslureynsla á grunnskólastigi er skilyrði.
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum og lipurð í samstarfi er skilyrði.
- Þekking og reynsla af rekstri og stjórnun er kostur.
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð.
- Frumkvæði í starfi og faglegur metnaður.
- Góð íslenskukunnátta og færni til að tjá sig í ræðu og riti.
- Góð almenn tölvukunnátta.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ vegna Skólastjórafélags Íslands. Starfshlutfall er 100%. Umsókn fylgi kynningarbréf, yfirlit yfir nám og fyrri störf, leyfisbréf fyrir starfsheitið kennari og framtíðarsýn umsækjanda varðandi þróun skólastarfs. Starfið hentar einstaklingum óháð kyni.

Umsóknarfrestur er til 18. júní 2020. Ráðið verður í stöðuna frá og með 1. ágúst 2020.

Nánari upplýsingar veitir Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri, í síma 480 1900. Umsókn ásamt fylgigögnum skal send á netfangið asta@blaskogabyggd.is.

## Bláskógabyggð

# Sumarið 2020



Félagsmönnum í FOSS stéttafélagi stendur til boða að nýta sér í sumar eftirfarandi.

## Orlofshúsin eru átta:

- Íbúð við Klappastíg
- Íbúð við Ásholt
- Sumarhúsið Skógarsel í Reykjaskógi
- Íbúð í Stykkishólmi
- Sumarhús í Munaðarnesi
- Íbúð á Fáskrúðsfirði
- Íbúð við Núpasiðu, Akureyri
- Íbúð á La Zenia á Spáni

## Hótelin eru fjölmörg má þar helst nefna:

- Hótel Ísland
- Foss hótelin
- Eddu hótelin
- Grand Hótel Reykjavík
- Icelandair Hotels
- Aurora Star Hotel við Keflavíkuflugvöll

## Félagsmönnum stendur til boða að kaupa gjafabréf hjá eftirtöldum fyrirtækjum:

- Icelandair
- Sumarferðir/Úrval-Útsýn
- Heimsferðir
- Vita

Á skrifstofu okkar er hægt að nálgast **Veðiðikortið, Útilegukortið** og afsláttarmiða í **Kraumu** náttúruaug.

# Orlof húsmæðra í Árnes- og Rangárvallasýslu 2020



Skráning er hafin í orlof húsmæðra í Árnes- og Rangárvallasýslu.

Orlofið verður á Hótel Örk í Hveragerði

1. til 6. nóvember 2020

„Samkvæmt lögum um orlof húsmæðra eiga þær konur rétt á að sækja um orlof sem veita eða hafa veitt heimili forstöðu, án launagreiðslna fyrir það starf.“

Áætluð er ein dagsferð á meðan á dvöl stendur auk stuttrar ferð á Eyrbakka til Valgeirs og Ástu Krístrúnar. Við munum fá Bergþór og Albert í heimsókn á lokavöldinu, og margt fleira skemmtilegt verður í boði þessa viku. Við komu á hótelið 1. nóvember og munum við óska eftir skráningu í ferðir.

## Bókanir óskast hið fyrsta og eigi síðar en 28.júní

**Staðfestingargjald kr. 30.000** óskast greitt þegar þið fáið staðfestingu á að þið komist í ferðina (sem verður fljótlega eftir að skráningu lýkur). **Staðfestingargjald er óafturkræft nema um veikindi eða slys sé að ræða.** Æskilegt er að látið sé vita við bókun ferðar hvort nýta eigi rútuféðir sem í boði verða til og frá orlofsstað.

## Bankaupplýsingar:

0325-13-300902. Kennitala 590706-1590

Vegna Covid-19 er auglýsing um orlof frekar seint á ferð og biðjum við ykkur því að geyma auglýsinguna upp á bankanúmer, **þar sem ekki verður auglýst aftur.**

Móttaka bókana eru hjá:

Sigurrrós Helga Ólafsdóttir sími 868-3160,

netfang: sillasho@gmail.com

Þórunn Ragnarsdóttir sími 487-5922, 892-5923,

netfang: thorunnreidholt@gmail.com

## Orlofsnefnd SSK í Árnes- og Rangárvallasýslu



# Íþróttir

Efni sendist á dfs@dfs.is

## Fjórir Selfyssingar í Hæfileikamótun HSÍ og Bláa lónsins



F.v. Jónas Karl, Sesar Örn og Guðmundur. Á myndina vantar Ísak. Ljósmynd: Umf. Selfoss/ÁÞG

**HANDBOLTI** Hæfileikamótun HSÍ og Bláa lónsins fór fram fyrir í maí. Þar æfðu strákar og stelpur fædd 2006 undir stjórn Halldórs Jóhanns Sigfússonar og

Rakelar Bragadóttur. Á þessum æfingum fá leikmenn smjörþefinn af því hvernig yngri landslið HSÍ æfa hverju sinni. Að þessu sinni voru þeir Guð-

mundur Stefánsson, Ísak Jónsson, Jónas Karl Gunnlaugsson og Sesar Örn Harðarson valdir í hópinn.

## Sumaræfingar í frjálsum

**FRJÁLSAR** Sumaræfingar frjálsíþróttadeildar Umf. Selfoss hefjast í vikunni á frjálsíþróttavellinum. Þjálfarar í yngri aldurshópum eru Sesselja Anna Óskarsdóttir og Þuríður Ingvarsdóttir.

Allar upplýsingar um æfingatíma má finna á vefsíðu Umf. Selfoss [www.selfoss.net](http://www.selfoss.net).



## Aldursflokkamót HSK 2020

**SUND** Miðvikudaginn 27. maí fór fram Aldursflokkamót HSK í sundi og var það haldið í Þorlákshöfn. Þrátt fyrir mikla rigningu var mikil stemning í sundlauginni og krakkar frá Selfossi og Hamri tóku þátt. Keppendur stóðu sig með stakri þryði og margir bættu árangur sinn til

muna. Sara Ægisdóttir hlaut verðlaunabikar fyrir stigahæsta sund samkvæmt stigatöflu FINA en það var í 100 m. skriðsundi sem hún synti á 1:10,56 mín. og hlaut 361 stig.

Stigakeppnina vann Selfoss sem hlaut 170 stig og Hamar fékk 44 stig.

Sundnefnd HSK vill koma á framfæri þakklæti til sundfólksins, þjálfara, starfsfólks íþróttamiðstöðvar Þorlákshafnar og ekki síst foreldra sem tóku þátt og aðstoðuðu við framkvæmdina.



## Flóahlaupið verður haldið 11. júní

**42.** Flóahlaup Umf. Þjótanda fer fram við Félagslund fimmtudagskvöldið 11. júní nk. Upphafsmáður hlaupsins, sem haldið hefur verið árlega síðan 1979, er Markús Ívarsson í Vorsabæjarhól og hefur hann ennþá veg og vanda af framkvæmd þess. Oftast hefur hlaupið verið haldið fyrstu helgina í apríl, og litlu munaði að því yrði aflýst í ár vegna samkomubanns, en nú hefur verið ákveðið að halda það fimmtudagskvöldið 11. júní.

Hlaupið verður af stað frá Félagslund kl 19:30. Keppt verður í 3 km hlaupi 14 ára og yngri, og 5 km og 10 km hlaupi í aldursflokkum. 3 og 5 km hlaupin fara fram á malbiki á Gaulverjabæjarvegi, en í 10 km hlaupinu er

hlaupinn hinn svokallaði Vorsabæjarhringur, þar sem hluti brautarinnar er malarvegur.

Hingað til hefur veglegt kaffihlaðborð verið innifalið í þáttökugjaldi, en að þessu sinni er stefnt að því að hafa veitingar einfaldari vegna sóttvarna, og ef veður leyfir verður kaffið og verðlaunaafhendingin úti undir berum himni til að forðast þrengsli.

Forskráning í hlaupið fer fram á [hlaup.is](http://hlaup.is) en einnig er hægt að skrá sig á staðnum gegn hærri gjaldi.

Allt hlaupafólk er hvatt til að taka þátt í skemmtilegri keppni, því fátt jafnast á við að hlaupa um sunnlenskar sveitir á björtu sumarkvöldi.

## Gæðingamót Sleipnis á Brávöllum

**HESTAÍÞRÓTTIR** Opið gæðingamót Sleipnis fer fram á Brávöllum á Selfossi helgina 6-7. júní. Keppt er í öllum hefðbundnum flokkum gæðingakeppninnar og auk þess C1-flokki sem er hugsaður fyrir minna vana knapa.

Skráning er opin og er hún fram í gegnum Sportfeng þar sem velja þarf Sleipni sem mótshaldara.

Á gæðingamóti Sleipnis er keppt um tvo af merkilegustu gripum félagsins, Sleipnis-skjöldinn og Klárhesta-skjöldinn.

Efsti A-flokks gæðingur í eigu félagsmanns hlýtur Sleipnis-skjöldinn sem fyrst var veittur árið 1950 og margir nafntogaðir gæðingar hafa hlotið. Ríkhartur Jónsson myndhöggvari skar skjöldinn út í tré.



Í B-flokki er Klárhesta-skjöldurinn veittur efsta gæðing í eigu félagsmanns en það var Sigga á Grund listatmaður, útskurðarmeistari og Sleipnisfélagi sem skar skjöldinn í tré.

Gæðingamótsnefnd Sleipnis

## Vornámskeið í sundi

**SUND** Vornámskeið sunddeildar Umf. Selfoss verður haldið 8.-18. júní í gömlu innlauginni á Selfossi. Námskeiðið er fyrir börn fædd 2015 og eldri. Í boði verður hópur fyrir börn sem eru byrjuð í skóla.

Kennt er fyrir hádegi virka

daga í Sundhöll Selfoss. Skráningu lýkur 5.júní. Nánari upplýsingar í netfanginu [guggahb@simnet.is](mailto:guggahb@simnet.is) og í síma 848 1626. Kennari er Guðbjörg H. Bjarnadóttir íþróttakennari og sundþjálfari.





# HVAR NÁLGAST ÉG DAGSKRÁNA Á SELFOSSI?


Vegna breytinga á þjónustu hjá Póstinum er Dagskránni ekki lengur dreift ómerktri í hús á Selfossi.

## Leiðir til að fá Dagskrána

- 1 Í blaðakössum á Selfossi  
*Blaðakassarnir eru í flestum hverfum á Selfossi og auðvelt að nálgast blaðið á miðvikudagsmorgnum.*
- 2 Í verslunum á Selfossi  
*Öllum matvöruverslunum og bensinstöðvum ásamt fleiri þjónustustöðum.*
- 3 Send heim með Póstinum  
*Hægt er að sækja um þjónustuna inni á [dfs.is/dreifing](https://dfs.is/dreifing) eða í síma 482 1944. Þú greiðir póstburðargjaldið og færð blaðið inn um lúguna í hverri viku.*



# VILTU BÚA Í BLÓMABÆNUM HVERAGERÐI?



## Hveragerðisbær auglýsir lóðir til úthlutunar

Til úthlutunar eru eftirfarandi lóðir í Kambalandi:

10 lóðir fyrir einbýlishús við Drekahraun. Fjórar lóðir fyrir fimm íbúða fjölbýlishús á tveimur hæðum við Langahraun. Þrjár lóðir fyrir þriggja íbúða raðhús við Langahraun og tvær lóðir fyrir einbýlishús við Búðahraun.



KAMBALAND

Kambaland er vestast í Hveragerði. Landinu hallar þar til suðurs og austurs og þaðan er víða mikið og fagurt útsýni.

Hveragerði er ört vaxandi sveitarfélag þar sem íbúar eru um 2.700. Höfuðborgarsvæðið er í um 30 mínútna akstursfjarlægð. Öll þjónusta í bæjarfélaginu er eins og best verður á kosið, glæsilegir leikskólar, metnaðarfullur grunn- og tónlistarskóli og framhaldsskóli innan seilingar. Íþrótt- og menningarlíf er í miklum blóma og umhverfi bæjarins gefur kost á fjölbreyttri útivist í einstöku umhverfi.

Einbýlishúsaloðum er úthlutað án byggingaréttargjalds. Raðhúsa- og fjölbýlishúsaloðum er úthlutað með 30% byggingaréttargjaldi. Vakin er athygli á að umsækjendur sem sækja um lóðir fyrir öll fjögur tveggja hæða fjölbýlishúsin ganga fyrir. Sæki enginn um allar lóðirnar ganga þeir fyrir sem sækja um þrjár og að lokum þeir sem sækja um tvær.

Við úthlutun verður farið eftir reglum Hveragerðisbæjar um úthlutun lóða. Úthlutun fer fram þann 2. júlí kl. 8:00 og skulu umsóknir berast skipulagsfulltrúa/skrifstofu Hveragerðisbæjar fyrir þann tíma.

Nánari upplýsingar um lóðir, skilmála og umsóknareyðublöð er að finna á [www.hveragerdi.is](https://www.hveragerdi.is) og hjá skipulagsfulltrúa í síma 483-4000 eða tölvupósti á [gfb@hveragerdi.is](mailto:gfb@hveragerdi.is)



[www.hveragerdi.is](https://www.hveragerdi.is)



## FUNDIR

KRABBAMEINSFÉLAG  
ÁRNESSÝSLU

Símatími alla virka daga  
frá kl. 13:00 til kl. 16:00  
sími 788 0300.

## Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundur á þriðjudögum  
kl. 20:00, nýliðafundur  
kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

## Al-Anon

Al-Anon fundur - Einn dagur  
í einu. Laugardagsmorgnum  
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

## AA

Mán. kl. 21 - AA fundur  
Þrið. kl. 12:05 - AA fundur  
Þrið. kl. 19 - AA konufundur  
Mið. kl. 19:30 - AA fundur  
Fim. kl. 20 - AA karlafundur  
Fös. kl. 20:30 - AA fundur  
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur  
Sun. kl. 11 - AA fundur  
Sun. kl. 21 - AA fundur  
AA Hrísholti 8, Selfossi.  
Nánari upplýsingar á aa.is.

AA Sporgöngufólk f. alla  
Bókasafn

Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn  
Klukkan 10:30-11:30 Sunnudag.

## AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari  
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn  
Klukkan 20:00 Fimmtudag.

## OA

Áttu erfitt með að hætta að  
borða? OA 12 spora fundir  
Overeaters Anonymous alla  
þriðjudaga kl. 17:30 Hrísholti 8.

## CoDA

## Bataleið frá meðvirkni

Fundur alla laugardaga  
kl. 10:30.  
Hrísholti 8, Selfossi.  
Nánari upplýsingar á coda.is.

## Leiðin út á þjóðveg

Fundur í Rauðakrosshúsinu  
Hveragerði, efri hæð,  
fimmtudaga kl. 20:30.

## ÝMISLEGT

## Ertu spænskumælandi?

Óska eftir aðila til að koma skila-  
boðum til Spánnar. Gangi allt  
mjög vel greiði ég 30.000 kr.  
Uppl. í síma 483 3568.

## BÍLAR

## KLETTUR

Bifreiðaverkstæði

Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi

Þjónustuskoðanir Heklu-bifreiða og  
almennar bílaviðgerðir.  
Hjólástillingar



Dekkja- og smurþjónusta  
Sími 482 4069



Gagnheiði 11  
800 Selfossi  
Sími 482 2200  
GSM 894 2277  
Fax 482 2277

Yfirbyggingar - Réttingar  
Bílamálun - Rúðuskipti

## ÞJÓNUSTA



S: 662-1122

Daglegar ferðir  
SELFOS - REYKJAVÍK  
SUÐURLAND

## ICECOOL

Bifreiða- og breytingaverkstæði  
Gagnheiði 51, Selfossi  
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is



Bókhald • Framtöl • Skattskil  
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss  
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

## Hjá Maddy ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss  
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf  
skattskil

Þjónusta við  
einstaklinga og  
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

## TAPAD / FUNDIÐ



Lyklar fundust í Hellisskógi um  
miðja síðustu viku. Hægt er að  
nalgast í afgreiðslu Prentmets  
Odda á Selfossi.

## HEILSA

„Meðhöndlun hinna  
gleymdu vöðva“

Vöðva- og bandvefsnudd  
og viðeigandi æfingar með  
aðferð Dr. Helgu Pohl.

Er með aðstöðu í  
Miðgarði, Selfossi.

Petra Mazetti  
s. 892 1340

## KIRKJUR

## Stokkseyrarkirkja

Sunnudagur 7. júní. Sjómann-  
dagsmessa kl. 11.00 Skólakór  
Kársnes kemur í heimsókn. Kór  
Stokkseyrarkirkju syngur. Org-  
anisti Haukur Arnarr Gíslason.  
Að athöfn lokinni er lagður blóm-  
sveigur að minnisvarða um þá er  
hafið hefur tekið til sín.

## Laugdælakirkja

Messa og aðalsafnaðarfundur í  
Laugdælakirkju sunnudaginn  
7. júní kl. 11. Verið velkomin til  
messu í Laugdælakirkju á  
sunnudaginn kemur. Sr. Gunnar  
Jóhannesson þjónar fyrir altari.  
Guðmundur Eiríksson leikur á  
orgelið. Messan hefst kl. 11 og  
að henni lokinni hefst aðalsafn-  
aðarfundur Laugdælarsóknar.  
Allir eru hjartanlega velkomnir.

## Eyrarbyggakirkja

Sunnudagur 7. júní. Sjómann-  
dagsmessa kl. 14.00 Kór Eyrar-  
byggakirkju syngur. Organisti  
Haukur Arnarr Gíslason. Prestur  
sr. Arnaldur Bárðarson. Að  
athöfn lokinni er lagður blóm-  
sveigur að minnisvarða um  
týnda og druknaða.

## Hrunakirkja

Helgistund sunnudagskvöldið 7.  
júní kl. 20. Umsjón hafa Óskar  
prestur og Stefán organisti.  
Söngur, spil, orð og bæn. Allir  
hjáttanlega velkomnir.

## Torfastaðakirkja

Fermingarmessa sunnudag 7.  
júní kl. 14.00. Prestur sr. Egill  
Hallgrímsson. Organisti Jón  
Bjarnason.

## Skálholtsdómkirkja

Messa sunnudag 7. júní kl.  
11.00. Prestur sr. Egill Hallgríms-  
son. Organisti Jón Bjarnason.

## HEILSA

Nudd –  
Svæðanudd

## Dáleiðsla

Augnlestur og  
heilsuráðgjöf

Einföld en áhrifarík  
ráð við ýmsum  
heilsuvandamálum

Alla fimmtudaga í Heilsulindinni  
Miðgarði, Austurvegi 4,  
Selfossi.

Heiðar Ragnarsson  
Sími 898 1501

NLP Meðferðardáleiðsla  
og tilfinningavinna

Tryggðu þér einkatíma  
í handleiðslu.

Er á Selfossi og  
Laugarvatni.

Sími 862 4809  
Vertu velkomin/n



Katrín Erla Kjartansdóttir

MP NLP Ráðgjafi/Coach  
Facebook: NLP Meðferðardáleiðsla

RISA  
PRENTUN

A0 • A1 • A2 • LJÓSMYNDIR  
VINNUTEIKNINGAR • PLAKÖT  
RÚLLUSTANDAR



200 CM

85 CM



SÍMI 482 1944  
SELFOS@PRENTMETODDI.IS  
EYRAVEGUR 25, SELFOS



# Bókun vegna dóms Landsréttar í máli Eko eigna ehf gegn Árborg

Eftir tæplega 9 ára mála-  
Erekstur sér loks fyrir endann  
á einu umdeildasta máli sem  
komið hefur á borð bæjaryfir-  
valda á undanföllum árum.

Landsréttur hefur nú endan-  
lega dæmt ólögmæta ákvörðun  
þáverandi meirihluta Sjálfstæð-  
isflokksins frá 15. desember  
2011 um að hafna báðum tilboð-  
um í verkið Söfnun og flutning-  
ur úrgangs, moltugerð og þjón-  
usta við gámastöð 2012-2016,  
en tvö fyrirtæki buðu í verkið  
Gámaþjónustan og Íslenska  
Gámafélagið og átti Gámaþjón-  
ustan lægra tilboðið.

Þessi mistök, sem þáverandi  
minnihluti varaði við á sínum  
tíma, hafa valdið sveitarfélaginu  
tjóni upp á marga tugi milljóna  
króna. Sveitarfélagið er dæmt til  
þess að greiða, með dráttarvöxt-  
um, 25 milljónir króna í skaða-  
bætur, auk þess sem málskostn-  
aður vegna þessa máls er orðinn  
um það bil 36 milljónir króna,  
þar af 7 milljónir króna á þessu  
ári.

Samtals eru þetta rúmar  
60 milljónir króna sem íbúar  
sveitarfélagsins þurfa að greiða,  
vegna dæmalausra og óvandaðra

vinnubragða. Sveitarfélagið er  
dæmt til þess að greiða skaða-  
bætur vegna eins árs af fjórum,  
sem samningur átti að taka til,  
og má álykta að sveitarfélagið  
teljist heppið að þurfa ekki að  
greiða skaðabætur vegna alls  
samningstímans. Landsréttur  
vísar í dómi sínum í fyrningar-  
ákvæði hvað varðar seinni hluta  
samningstímans en málið hefur  
tekið óheyrilega langan tíma.

Í minnisblaði bæjarlög-  
manns, sem lagt var fram á  
fundi bæjarráðs þegar málið var  
til umfjöllunar þar á sínum tíma,  
kemur m.a. fram að hann geti  
ekki gefið ótvíræð svör um hvort  
gallar hafi verið á útboðsferlinu.  
Hvergi er heldur til ótvíræður  
úrskurður í sambærilegum mál-  
um en í úrskurði kærunefndar  
útboðsmála í máli nr. 12/2006  
segir „Það er meginregla í opin-  
berum innkaupum að bjóðendur  
geta ekki breytt grundvallar-  
þáttum í tilboðum sínum eftir  
að þau hafa verið opnuð, enda  
eru slíkar breytingar almennt til  
þess fallnar að raska samkeppni  
og fela í sér hættu á mismunun“.

Einnig kemur skýrt fram í  
dómi Landsréttar að einn bæjar-

fulltrúi Sjálfstæðisflokksins var  
vanhæfur til að taka umrædda  
ákvörðun vegna tengsla sinna  
við annað fyrirtækjanna sem  
bauð í verkið og átti herra til-  
boðið. Þessi umdeilda ákvörðun  
sem gagnrýnd var mjög harð-  
lega á sínum tíma af þáverandi  
minnihluta, var í andstöðu við  
fyrirmæli laga og því ólögmæt.

Ástæða er til þess að þakka  
Torfa Ragnari Sigurðssyni lög-  
manni fyrir hans vinnu við að  
verja hagsmuni sveitarfélagsins  
í þessu máli og að niðurstaðan  
varð ekki mun verri en reyndin  
varð.

Ábyrgð á þessu herfilegu  
mistökum og tilheyrandi fjár-  
útlátum sveitarfélagsins vegna  
málsins er alfarið á ábyrgð þá-  
verandi meirihluta D-lista Sjálf-  
stæðisflokksins og þeim sem þá  
voru og eru enn í dag fulltrúar  
hans í bæjarstjórn.

Arna Ír. S lista  
Eggert V. S lista  
Helgi S. B lista  
Sigurjón V. Á lista  
Tómas E. M lista

## RARIK í miklar framkvæmdir 2020 á Suðurlandi

Árið 2020 verður mikið fram-  
kvæmdaár hjá RARIK. Þá  
verður m.a. framkvæmt í Með-  
allandi fyrir 220 milljónir króna,  
en þar hefur ríkisjóður greitt  
flýttukostnað til styrkingar brot-  
hættum byggðum. Auk þess eru  
fjöldmörg notendadriifin verkefni  
á dagskrá t.d. 8 km strenglöggn  
frá Selfossi að Hvoli vegna  
endurnýjunar á Suðurlandsvegi

sem Vegagerðin stendur fyrir.

Á verkefnaskrá RARIK á  
Suðurlandi má sjá að unnið  
verður víða á Suðurlandinu að  
framkvæmdum við rafmagns-  
kerfið. Í Skaftárhreppi verður  
lagður 11 km háspennustrengur  
frá Áltaveri í Hrífunes og  
í Meðallandi er lagður 41 km  
af háspennustreng. Í Mýrdals-  
hreppi er lagt frá Klifanda til

Víkur alls 12 km af stofnstreng.  
Í Rangárvallasýslum verða lagð-  
ir 4 km af háspennustreng frá  
Hvolsvelli að Þverá, þá verð-  
ur farið í þrjár strengjalagnir í  
Fljótshlíð við Rauðuskriður. Þá  
verður lagður 7 km af streng frá  
Hellu að Landvegamótum með-  
fram Suðurlandsvegi að mestu.  
Í Árnessýslu verður lagður 2  
km strengur við Efri Reyki í  
Bláskógabyggð vegna virkjun-  
arframkvæmda. Í Miklaholti  
í Bláskógabyggð er búið að  
leggja streng en eftir á að tengja  
spennistöðvar. Þá verður lagt  
frá Hjálmholti í Flóa að Bitru  
um einn kílómetri af streng. Á  
Þingvöllum verða lagðir 8 km af  
háspennustreng. Frá Kárástöð-  
um að Haki verða lagðir 5 km  
og svo áfram 3 km að þjónustu-  
miðstöðinni á Þingvöllum. -gpp



Jarðstrengur plægður við Ingólfsfjall.

## Nýr Framkvæmdastjóri hjúkrunar á Heilbrigðisstofnun Suðurlands

Baldvina Ýr Hafsteinsdóttir  
hefur verið ráðin í starf  
framkvæmdastjóra hjúkrunar  
á HSU. Baldvina Ýr er hjúkr-  
unarfræðingur að mennt með  
meistarapróf í hjúkrun og hefur  
að auki stundað nám í opinberri  
stjórnsýslu. Frá árinu 2010 hef-  
ur hún gegnt starfi deildarstjóra  
hjúkrunar á Hjúkrunarheimilinu  
Ási, samhliða hefur hún verið  
ráðgefandi hjúkrunarfræðingur  
fyrir sambýlið Breiðabólstað  
fyrir einstaklinga á geðsviði.

Áður starfaði hún í 11 ár sem  
hjúkrunarfræðingur á HSU og  
þar af starfaði hún í 3 ár sem  
deildarstjóri á hand- og lyf-  
lækningadeild HSU. Þá gegndi  
hún formennsku fræðslunefndar  
HSU til nokkurra ára. Baldvina  
hefur haldþæra reynslu af  
stjórnun og mannauðsmálum.  
Baldvina tekur við starfi fram-  
kvæmdastjóra hjúkrunar af  
Önnu Maríu Snorraddóttur sem  
hefur sinnt starfinu síðan 2005.



## Sýslumaðurinn á Suðurlandi

### Auglýsing vegna utankjörfundaratkvæðagreiðslu í umdæmi sýslumannsins á Suðurlandi fyrir forsetakosningar 27. júní 2020

Atkvæðagreiðsla á skrifstofum sýslumanns  
Hægt er að greiða atkvæði utan kjörfundar hjá embætti  
sýslumannsins á Suðurlandi á opnunartíma sýsluskrifstofa,  
kl. 09:00-15:00.

### Utankjörfundaratkvæðagreiðsla á kjörstöðum í samstarfi við sveitarfélög o.fl.

Hægt er að greiða atkvæði á eftirtöldum stöðum:

- Á skrifstofu sveitarfélagsins Ölfuss, Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn. Opnunartími kl. 09:00 – 12:00 og kl. 13:00-16:00 alla virka daga.
- Á skrifstofu Hveragerðisbæjar við Breiðumörk, Hveragerði. Opnunartími kl. 10:00 – 12:00 og 13:-15:00 alla virka daga.
- Á skrifstofu Hrunamannahrepps, Akurgerði 6, Flúðum. Opnunartími mánudaga til fimmtudaga kl. 9:00 – 12:00 og 13:00-16:00, föstudaga kl. 9:00-12:00.
- Á skrifstofu Bláskógabyggðar 2. hæð í Aratungu, Reykholti. Opnunartími mánudaga til fimmtudaga kl. 8:30–16:00, föstudaga kl. 8:30–12:30.
- Á skrifstofu Rangárpings ytra, Suðurlandsvegi 1, Hellu. Opnunartími mánudaga til fimmtudaga kl. 09:00-15:00, föstudaga kl. 09:00-13:00.
- Á skrifstofu Skaftárhrepps, Klausturvegi 10, Kirkjubæjarklaustri. Opnunartími mánudaga til fimmtudaga kl. 10:00-14:00, föstudaga kl. 10:00-13:00.
- Á heimili Pálínu Þorsteinsdóttur að Svínafelli 1 Suðurbæ, Örafum. Opnunartími eftir samkomulagi. Sími 478 1760 og 894 1765.

Kjósendur skulu hafa meðferðis gild persónuskilríki  
(ökuskírteini, vegabréf eða nafnskírteini).

### Ábyrgð á atkvæði

Vakin er athygli á því að kjósandi ber sjálfur ábyrgð á að koma  
atkvæði til skila og ber af því kostnað, kjósi hann utan kjörfundar  
hjá kjörstjóra utan sinnar kjördeildar sbr. 2. mgr. 65. gr. laga um  
kosningar til Alþingis. Starfsfólk embættisins mun aðstoða eftir  
föngum við að koma atkvæði til skila en síðustu daga fyrir kosningar  
er mælt til þess að kjósandi annist það sjálfur ef viðkomandi er á  
kjörskrá í öðrum kjördæmum.

### Utankjörfundaratkvæðagreiðsla í heimahúsi

Þeir sem eiga ekki heimangengt að greiða atkvæði á kjörstað á  
kjördag vegna sjúkdóms eða fötlunar, skulu skila beiðni um að  
fá að greiða atkvæði í heimahúsi til embættisins, fyrir kl. 15:00,  
þriðjudaginn 23. júní n.k.  
Umsóknareyðublað er hægt að fá hjá embættinu og á vefsíðunni  
www.kosning.is

Ýmsar upplýsingar og eyðublöð vegna komandi kosninga  
má fá á vefsíðunni www.kosning.is

Sýslumaðurinn á Suðurlandi



## Starfshópur skipaður um Errósetur á Kirkjubæjarklaustri

Lilja Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra hefur skipað starfshóp um starfsemi og uppbyggingu Erróseturs á Kirkjubæjarklaustri.

„Við viljum miðla okkar menningu, sögu og menningararfi á fjölbreyttan hátt og sem víðast um landið. Það er sérlega ánægjulegt hversu vel hefur tekist til við að byggja upp margvísleg menningarsetur og söfn út um allt land – þangað er gaman að koma, fræðast og upplifa, fyrir alla fjölskylduna. Verkefni af þessu tagi gæti líka skapað jarðveg fyrir frjótt og gott samstarf, t.d. við listasöfnin og Listaháskóla Íslands,“ segir ráðherra.

Myndlistarmaðurinn Erró hefur á löngum ferli skapað sér orðstýr sem einn af leiðandi popplístaðmönnum Evrópu. Í verkum fæst hann við fjölbreytt viðfangsefni en kunnastur er hann fyrir málverk þar sem ofgnótt myndheims samtímans er uppspretta fjölbreyttra hugleiðinga meðal annars um neyslusamfélagið, pólitík og samfélagsleg viðfangsefni hvers tíma. Erró ólst upp á Kirkjubæjarklaustri, en hélt síðar til náms í Reykjavík árið 1949, þar sem hann útskrifaðist úr teiknikennaradeild árið 1952 og hélt síðan til frekara náms í Noregi og á Ítalíu.

Markmið verkefnisins er að koma upp með safni og/eða sýningu um líf og uppvöxt



Erró, Rockwell Painting My Autoportrait, 2009. Verkið er í eigu Listasafns Reykjavíkur.

listamannsins og miðla listferli hans í máli og myndum. Vonir standa til þess að Errósetur yrði listatengdu menningarstarfi til framdráttar og mikilvægur afþreyingar- og fræðslustaður í héraði og á landsvísu. Hugmyndin á sér nokkurn aðdraganda en áhugafólk um stofnun Erróseturs kynnti áform sín um málið árið 2011 og Félag

um Errósetur var stofnað árið 2012.

Starfshópurinn skipa Eiríkur Þorláksson formaður, tilnefndur af mennta- og menningarmálaráðuneyti, Eva Björk Hjarðardóttir oddviti, fulltrúi Skaftárhrepps, og Rúnar Leifsson tilnefndur af mennta- og menningarmálaráðuneyti.

### Stálsmíði



- Stálinnréttingar
- Stálfestingar
- Ákeyrsluvarnir
- Sérsmíði

### Andraco ehf

Lyngshæð, Urriðafossvogi, 803 Selfossi.  
Andri64@simnet.is | Sími 868 5876



**Bilverk BA**  
- þar sem fagmennirnir vinna  
★★★★★ Vottað verkstæði  
Gagnheiði 3 - Selfossi  
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

**FROST**  
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI  
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA  
HÁHEIÐI 9, SELFÖSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

**expert**   
Sími 660 2970  
Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum  
Ísskápaþvígðerðir - Almennar raflagnir

**HREINGERNINGA-ÞJÓNUSTA Suðurlands ehf.**

*Allar ræstingar*  
Steinteppabreinsun, teppabreinsun,  
bón, gluggabreinsun o.fl.  
Sími 897 8444  
*Freint um allt Suðurland*

### Tæknipjónusta Suðurlands ehf. Selfossi

Sjónvarpskerfi fyrir hótél og gistihús  
Öryggiskerfi  
Eftirlitsmyndavélakerfi  
Hljóðkerfi  
Símkarfi o.fl.  
Sérhæfing - Þekking - Reynsla  
**Gunnar Guðmundsson**  
sími 694 4922  
**Vilmundur Sigurðsson**  
sími 779 6777

## Rétting og málun

Vottað réttingaverkstæði  
Cabas tjónaskoðun

Breiðumýri 1, Selfossi  
 **480 8020**

**Josera**  
Gæludýrafóður  
Fæst hjá **BYKO** Selfossi

**VÉLSMÍÐJA SUÐURLANDS ehf**  
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

*Efnissala Rennismiði Innréttingar Járnsmiði*

Gagnheiði 5, Selfossi  
Sími 482 1980

**Hjólbarðapjónusta Magnúsar**  
Gagnheiði 25 - Sími 482 2151



Hjólbarðar Smurpionusta  
Betri vörur - betra verð

**DFS.IS**  
Auglýsingapantanir  
Sími 482 1944  
dfs@dfs.is

**Jiibbiíi**  
  
Siggaferðir

- Flutningapjónusta -

Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.  
Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.

Reykjavík - Selfoss  
Hella - Hvolsvöllur

Sími 772 6010

**82%** Sunnlendinga lesa Dagskrána í hverri viku

\*Samkvæmt skoðanakönnun Gallup á tímabilinu okt. - des. 2018.




**DAGSKRÁIN**  
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Fáðu tilboð í auglýsingar í s. 482 1944 eða á auglysingar@dfs.is.

**Lagnapjónustan ehf**

**Pípulagnir - Efnissala**  
**482 2311 696 2311**  
Skrifstofa Þjónustusími

**.25. ára**



Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar

Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

**NÝTT**

**Vinnuvélanámskeið á netinu!**

www.vinnuvelaskolinn.is